

Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2011 til 2013
lögð fram á bæjarstjórnarfundum 4. febrúar 2010 – fyrri umræða
(Áætlunin var lögð fram óbreytt við síðari umræðu 4. mars 2010)

Þriggja ára áætlun fyrir árin 2011 til 2013 byggir að grunni til á fjárhagsáætlun ársins 2010 sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 7. janúar sl. Ekki er gert ráð fyrir verðlagsbreytingum á tímabilinu 2011 til 2013 í áætluninni.

Tekjur

Áætlunin gerir ráð fyrir að útsvarstekjur aukist um 1% að raunvirði hvert ár 2011, 2012 og 2013, frá tekjum ársins 2010. Þá er reiknað með að fasteignamat hækki um 5% árið 2011, er það gert með hliðsjón af því að reiknað er með að verðbólga ársins 2010 verði 6,1%. Í áætlun fyrir 2011 eru framlög Jöfnunarsjóðs lækkuð um 10% frá áætlun fyrir árið 2010. Árið 2012 eru framlögin hækkuð aftur um 5% og svo aftur um 5% árið 2013 og verða framlögin þá komin í svipað horf og á árinu 2010. Þjónustutekjur eru hækkaðar um 6% frá árinu 2010 og er þá raunverulega verið að láta tekjurnar halda sér óbreyttar að raunvirði frá áætlun ársins 2010 m.v. að verðbólga ársins verði 6%.

Gjöld

Launaliðir eru hækkaðir árið 2011 um 5% frá áætlun ársins 2010. Er það gert með tilliti til þess að verðbólga verði 6% á árinu 2010 og reikna megi með að ekki verði um mikið meira misvægi á milli launahækkana og verðlags en orðið er nú þegar. Vegna verðbólgu ársins 2010 er gert ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður hækki um 6% á árinu 2011.

Fjárfestingar og niðurgreiðsla skulda

Fjárfestingar árána 2011 til 2013 eru ekki tíundaðar í áætluninni, en gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 30 m.kr árið 2011, 35 m.kr árið 2012 og 40 m.kr árið 2013. Veltufé frá rekstri eykst á áætlunartímabilinu úr 130 m.kr árið 2011 í 156 m.kr árið 2013. Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á tímabilinu. Skuldir og skuldbindingar A-hluta verða samtals 588 m.kr í lok árs 2013 en 753 m.kr hjá samstæðu A- og B-hluta. Reiknað er með að eigið fé samstæðunnar verði 434 m.kr í árslok 2013. Þá verða skuldir samstæðunnar án skuldbindinga að frádregnum veltufjármunum 446 m.kr.

Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2011, 2012 og 2013 er hér lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Elías Jónatansson
bæjarstjóri
